

Hafnarfjarðarkaupstaður

Pósthólf 100  
222 Hafnarfjörður

Mosfellsbæ, 11.12.2013  
erindi nr. 201311168/19 fb

**Efni: Afgreiðsla skipulagsnefndar vegna erindis yðar**

Á 355. fundi skipulagsnefndar Mosfellsbæjar 26. nóvember 2013, var neðangreint erindi tekið fyrir og svohljóðandi bókun gerð:

**Aðalskipulag Hafnarfjarðar til kynningar og umsagnar**

Bjarki Jóhannesson skipulags- og byggingarfulltrúi sendir 11.11.2013 f.h. Hafnarfjarðarbæjar með vísan í 35. grein skipulagslaga tillögu að endurskoðun Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2005-2025 til kynningar og umsagnar.

*Skipulagsnefnd Mosfellsbæjar gerir ekki athugasemdir við framlagða tillögu.*

Þessi afgreiðsla skipulagsnefndar var staðfest í bæjarstjórn Mosfellsbæjar 4. desember 2013. Dregist hefur að tilkynna um afgreiðslurnar og er beðist velvirðingar á því.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,  
f.h. skipulagsnefndar Mosfellsbæjar

  
Finnur Birgisson  
skipulagsfulltrúi

Hafnarfjarðarbær
Innk: 13.12.2013
Málsnr: 1006284
Bréf nr: 511

Athygli er vakin á því að telji einhver rétti sínum hallað með ofangreindri samþykkt er honum heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík, sbr. 52.gr. laga nr. 123/2010 og lög nr. 130/2011.

Þeir einir geta skotið máli til úrskurðarnefndarinnar sem eiga lögvarða hagsmuni tengda hinni kærðu ákvörðun. Frestur til að skjóta máli til nefndarinnar er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðun þá sem kæra á. Sé um að ræða ákvörðun sem sætir opinberri birtingu, telst kærufrestur frá birtingu ákvörðunar.

